

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 51 9. júní 1980, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1980.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um pósthjónustu, nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein 5.5. orðist þannig:

5.5. Fjölða- og utanáskriftarlausar sendingar.

5.5.1. Heimilt er að gefa afslátt af veniulegu burðargjaldi bréfaþóstsendinga, sem hera á út innanlands og á norðurlöndunum, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) Sendingarnar séu allar eins í lögun, og ekki stærri en $229 \times 324 \times 10$ millimetrar, og ekki þyngrri en 200 grömm hver um sig.
- b) Sendingar þessar þarf ekki að hera út þegar í stað, heldur má gera það á allt að 10 næstu dögum eftir póstlagningu, eftir því sem henta kann hverju sinni, og í desember á allt að 30 næstu dögum eftir póstlagningu.
- c) Sendingar séu póstlaeðar allar í einu við afgreiðsluborð póststöðvar, flokkaðar og búntaðar eftir póstnúmerum og götum.

5.5.2. Afsláttur fyrir fjöldasendingar má mestur vera sem hér segir:

a) Fjöldasendingar flokkaðar samkvæmt 5.5.1.c.

1001—5000 sendingar í einu 10% afsláttur

5001—10000 — — — 20% —

10001—20000 — — — 25% —

20001—30000 — — — 30% —

30001 og yfir sendingar í einu 35% afsláttur.

b) Auk framangreinds afsláttar er heimilt að veita 10% staðarafslátt fyrir þær sendingar, sem eiga að berast út á póstnúmersvæði þeirrar póststöðvar eða póstútibús, sem póstlagt er á.

5.5.3. Afsláttur fyrir utanáskriftarlausar sendingar má mestur vera sem hér segir:

a) Fyrir sendingu að þyngd

allt að 20 gr 50% afsláttur

21—50 gr 40% afsláttur

51—100 gr 30% afsláttur

101—200 gr 20% afsláttur

b) Utanáskriftarlausar sendingar verða að vera búntaðar og merktar nafni og póstnúmeri þeirrar póststöðvar, er þær eiga að dreifast frá.

5.5.4. Sendingar þær, sem greinir í 5.5.2. og 5.5.3. þarf hvorki að frímerkja né dagstimpla, en burðargjaldið greiðist í reiðufé gegn kvittun. Þar skal skal sundurliða sendingarfjölda og burðargjald.

- 5.5.5. Kvittunin er úr sérstakri frumbók, póstkvittunarbók fyrir önnur burðargjöld. Er kvittunin í þrítí, frumritið fær sendandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi, og eitt eintak verður eftir í bókinni. Í þessa bók skal einnig skrá burðargjöld fyrir póstsendingar, sem ekki eru frimerktar, skv. sérstakri heimild póst- og símamálastofnunar hverju sinni, sbr. 9.8.1.
- 5.5.6. Þeir sem fá afslátt skv. 5.5.2. og 5.5.3, skulu láta prenta sérstaka áletrun í efra hægra horn utanáskriftarmegin um, að burðargjald sé greitt, ásamt sérstöku leyfisnúmeri. Áletrun þessi skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:

Myndamóti til slíkrar notkunar skal undantekningarlaust skila til póst- og símamálastofnunar að notkun lokinni.



Leyfi nr.

- 5.5.7. Þeir sem óska að fá afslátt skv. þessum reglum, skulu sækja um það til póst- og símamálastofnunar.
- 5.5.8. Leyfi skv. 5.5.6. gildir aðeins í eitt skipti, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Grein 10.3 orðist þannig:

10.3. Uppsetning einkapóstkassa.

- 10.3.1. Í þéttbýli og annars staðar þar sem bréfaútburður fer fram, er sett það skilyrði fyrir útburði, að bréfarifur séu á útihurðum ein-tví- og þrjúbýlishúsa, en þar sem fleiri en 3 íbúðir hafa sameiginlegan inngang, skulu húseigendur setja upp póstkassasamstæður.
- 10.3.2. Bréfarifur skulu vera minnst 25 × 260 mm að stærð og staðsettar þannig, að hæð frá jörðu að neðri brún bréfarifu, sé ekki minni en 1000 mm og meiri en 1200 mm.
- 10.3.3. Póstkassasamstæður skulu vera staðsettar á neðstu hæð, sem næst aðalanddyri, sem bréfberi getur óhindrað gengið að og athafnað sig við skil póstsins. Lýsing við kassasamstæðu skal vera góð og a. m. k. sú sama og almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.
- 10.3.4. Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi fyrir nöfn, minnst 26 mm × 100 mm, þar sem tilgreint er með stóru og skýru prentletri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum húa. Ennfremur skal í fjölbýlishúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Húsverðir eða húsfélög í fjölbýlishúsum skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og þer þeim einnig að útvega íbúalista fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t. d. skal kassi fyrir íbúð á 1. hæð vera neðstur til vinstri í samstæðunni o. s. frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, þannig að útilokað sé að bréf falli upp fyrir hana og glatist.
- 10.3.5. Staðsetning kassasamstæða á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri brún efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún bréfarifu sé ekki minni en 100 mm og að efri brún bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.

- 10.3.6. Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig, að auðvelt sé að skila pósti í þá án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Slíkir póstkassar skulu vera gulir að lit, en að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og um aðra einka-póstkassa.
- 10.3.7. Láti húseigandi undir höfuð leggjast að setja upp bréfarifu eða póstkassa skal póstmestari eða stöðvarstjóri tilkynna í ábyrgðarbréfi tiltekinn frest til uppsetningar.
- 10.3.8. Hlýði húseigandi ekki fyrir mælum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamála-stofnun ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum skv. 22. gr. póstlaga skuli beitt, þ. e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga, nr. 31/1940, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Brot gegn reglugerð þessari varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Samgönguráðuneytið, 3. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hálfðánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júlí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hálfðánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hálfðánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af systkyninum Helgu Hálfðánardóttur og Jónasi Hálfðánarsyni til minningar um foreldra þeirra, Hálfðán Jónasson og Guðrúnu Jónatansdóttur og móðurbróður þeirra, Magnús Jónatansson.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Goðdalakirkju í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu og er tilgangur sjóðsins að styrkja viðhald kirkjubyggingarinnar í Goðdölum.